

Ábyrg hagstjórn er forsenda stöðugleika


Vinumarkaður – rót vandans – er lausn í sjónmáli?

Opinber fjármál – hver ætlar að sýna ábyrgð?


Peningastefna í höftum - ennþá

Í upphafi árs er góður gangur í efnahagslífinu og flestir mælikvarðar gefa tilefni til bjartsýni (1/2)

- Efnahagsleg staða Íslands hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum.
- Verðbólgan sem áður plagaði landsmenn er lítil og stöðug og hagvöxtur meiri en í nágrennaríkjum.



Heimild: Seðlabanki Íslands




Heimild: AGS

Í upphafi árs er góður gangur í efnahagslífinu og flestir mælikvarðar gefa tilefni til bjartsýni (2/2)

- Verulegur afgangur af þjónustujöfnuði hefur dregið vagninn í þjóðhagslegum sparnaði þótt vöruskiptajöfnuður sé orðinn neikvæður eins og oft áður.

- Samhliða auknum vexti hafa Íslendingar minnkað skuldir og eru eignir erlendis nú meiri en skuldir í fyrsta skipti í árafjölda.


Þjóðhagslegur sparnaður enn mikill



Heimild: Seðlabanki Íslands

Hrein erlend eignastaða er loksins jákvæð

sem % af VLF



Heimild: Seðlabanki Íslands

Engu að síður þarf að gefa gaum að kunnuglegum viðvörunarljósum

INNLENT 7. desember 2016 14:15

Útgjöld ríkisins aukast umfram tekjur

Aukning frumútgjalda ríkisins hefur verið umfram aukningu frumtekna þess frá árinu 2006 og mun sú þróun halda áfram til 2021.

Samkomulag um aukin útgjöld upp á 12 milljarða á næsta ári

• INNLENT | 18:44 | 21. DESEMBER 2016

Nálgast ójafnvægi ársins 2006

Krónan hefur styrkst um 15% á árinu og 13% frá því í mars. Sterkar vísbendingar eru fyrir því að gengið haldi áfram að styrkjast næstu mánuðina.

- Kunnugleg hættumerki ofþenslu eru farin að láta á sér kræla.
- Háir vextir og mikil styrking íslensku krónunnar er þegar farin að þrengja að fyrirtækjum í útflutningi.
- Eins hefur skort aðhald í opinberum fjármálum og launahækkningar verið langt umfram það sem sjálfbært er til lengri tíma.

11. des. 2015

Fjárlög 2016: Yfirboð á Alþingi

Styrking krónu veldur áhyggjum í ferðaþjónustu

Krónan: Sterkasta mynt í heimi?

200 miður | mbl | 14.12.2016 | 13:31 | Uppfært 16:32

Ótímabundið verkfall sjómanna staðreynd

Raungengi íslensku krónunnar ekki verið hærra síðan 2008

Forystumenn í íslensku atvinnulífi mættu í Eldlínuna í kvöld:

Fyrirtækin: Vandinn er hátt vaxtastig

Nú reynir á forgangsröðun: Launahækkningar langt umfram framleiðniaukningu



Ábyrg hagstjórn er forsenda stöðugleika


1 Vinnumarkaður – rót vandans – er lausn í sjónmáli?

Opinber fjármál – hver ætlar að sýna ábyrgð?


Peningastefna í höftum - ennþá

Kaupmáttur er mikill í krónum og erlendri mynt. Tekjujöfnuður er hvergi meiri innan OECD ríkja


- Kaupmáttur launa jókst um 20% á árunum 2013-2016, aukningin er langt umfram fyrri uppsveiflur og laun í evrum hafa hækkað 40% meira en í Danmörku frá 2013.
- Kaupmáttarleiðréttar ráðstöfunartekjur á mann eru þær næst hæstu á meðal Norðurlanda og þar að auki er tekjujöfnuður á Íslandi sá mesti á meðal ríkja OECD.
- Lífskjör á Íslandi eru þar af leiðandi ekki einungis í fremstu röð heldur dreifast tekjurnar einnig jafnar á milli landsmanna en í öðrum löndum OECD.



Gini stuðullinn fyrir ráðstöfunartekjur,
(nýjasta gildi, 0-100)




2016: Kaupmáttarleiðréttar árlegar launatekjur einstaklinga í dollurum



Heimild: Efnahagssvið SA og OECD

Lágmarkslaun á Íslandi eru meðal þeirra hæstu innan OECD

Lög- eða samningsbundin lágmarkslaun



*Miðast við lágmarkslaun í maí 2017 fyrir Ísland, 2015 eða 2016 í öðrum ríkjum.


Heimild: OECD

Íslenska vinnumarkaðslíkanið: Miklar launahækkningar leiða reglulega til ofriss krónunnar

- Launahækkningar á Íslandi eru að jafnaði þrefalt meiri en í viðskiptalöndunum. Launahækkningar sem ekki samrýmast undirliggjandi verðmætasköpun í hagkerfinu leiða reglulega til óstöðugleika, með mikill verðbólgu, þenslu, háu vaxtastigi og gengisstyrkingu krónunnar.


- Afleiðingin er skert samkeppnisstaða íslenskrar framleiðslu á erlendum mörkuðum, sem grefur undan íslenskum útflutningsgreinum. Hætta skapast því á ósjálfbærni ástandi sem leiðréttist með gengisfalli og kaupmáttarrýrnun almennings.

2016: Launakostnaður á framleidda einingu (ársbreyting %)



Heimild: OECD

Raugengi á mælikvarða launa (vísitala 2005 = 100)




Heimild: Seðlabanki Íslands

Íslenska vinnumarkaðslíkanið: Kjarasamningar á grundvelli fagfélaga eða landssvæða

- Á Íslandi eru stéttarfélögin gjarnan smá, oft svæðisbundin og ná til fárra starfsgreina. Þessu er öfugt farið á öðrum Norðurlöndum þar sem stéttarfélögin eru hlutfallslega mun færri, ná til alls landsins og hafa félagsmenn úr mörgum starfsgreinum. Hlutfall launþega í stéttarfélögum á Íslandi er hið hæsta á Norðurlöndunum og margfalt á við meðaltal OECD.


- Þessar aðstæður valda því að íslensku stéttarfélögin hafa sterka samningsstöðu, sem ásamt forgangsréttarákvæði til starfa fyrir félagsmenn, leiðir til mikils þrýstings á launahækkanir. Traust á milli helstu aðila á vinnumarkaði skortir en það birtist í höfrungahlaupi þar sem sá sem síðast semur ber yfirleitt mest úr bótum.

Meðalfjöldi launamanna á kjarasamning



- Dæmi:** Í Finnlandi er einn kjarasamningur fyrir alla ríkisstarfsmenn – á Íslandi er dæmi um kjarasamning sem nær til tveggja einstaklinga.

Hlutfall launþega í stéttarfélögum




Heimild: OECD, Steinar Holden (2016)
og Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum, maí 2013

Nýja íslenska vinnumarkaðslíkanið: Hóflegar launahækkunarir eru almannagæði



- Nýtt samningalíkan verður að byggja á sameiginlegum skilningi aðila á vinnumarkaði á nauðsyn þess að launapróunin sé sjálfbær. Skilningur verður að ríkja á að „hóflegar launahækkunarir eru almannagæði sem koma öllum vel“.
- Í norræna líkaninu eru gerðir kjarasamningar á atvinnugreinagrundvelli. Félög atvinnurekenda í mismunandi atvinnugreinum gera kjarasamningana, ekki heildarsamtökin. Heildarsamtökin gegna hlutverkum samráðs, samstillingar og samræmingar og tryggja að markaðri stefnu sé framfylgt á einstökum samningssviðum, að öll aðildarfélögin „gangi í takti“.

Norðurlöndin: Árleg breyting að meðaltali á launum, verðlagi og kaupmætti, 1990-2015




Fjölgun öryrkja á árinu 2016 er næstum tvöfalt meiri en nýliðun á vinnumarkaði

- Áhyggjuefni er að 75% örorkumat á aldursbilinu 20-39 ára eykst umtalsvert hraðar en hjá öðrum aldurshópum.
- Alls hafa 11.000 einstaklingar leitað til VIRK árinu 2008, þar af hafa 6200 einstaklingar lokið þjónustu. Um 70% þeirra einstaklinga eru með vinnugetu og hafa annað hvort farið beint í launað starf, virka atvinnuleit eða lánshæft nám. Ávinningur af starfsemi VIRK á árinu 2015 hefur verið metinn um 13,8 ma. kr.



Vinumarkaður: Launajöfnuður er hvergi meiri en á Íslandi – auk þess sem launin eru mjög há - vandinn er að óveðurskýin hrannast upp vegna ofriss krónunnar og ósjálfbærra launahækkana

1



Jöfnuður

- Laun og kaupmáttur er hár á Íslandi
- Mestur tekjujöfnuður á Íslandi af ríkjum OECD
- Lágmarkslaun á Íslandi eru með þeim hæstu sem tíðkast


2



Sterk króna

- Íslenska vinnumarkaðslíkanið er úrelt
- Miklar launahækkunir leiða til ofriss krónunnar
- Sterk samningsstaða íslenskra stéttarfélaganna leiðir til mikils þrýstings á launahækkunir


3



Launahækkunir

- Lítum til Norðurlandanna með vinnumarkaðslíkani til framtíðar
- Hóflugar launahækkunir eru almannagæði

4



Örorka

- Nýgengi örorku hefur aukist mikið á síðastliðnum árum.
- VIRK hefur skilað miklum árangri.
- Ef ekki væri fyrir erlent vinnuafli hefði íslenski vinnumarkaðurinn skroppið saman.



Ábyrg hagstjórn er forsenda stöðugleika


Vinumarkaður – rót vandans – er lausn í sjónmáli?

2 **Opinber fjármál – hver ætlar að sýna ábyrgð?**

Peningastefna í höftum - ennþá


Afkoma hins opinbera hefur verið neikvæð þrátt fyrir mikinn hagvöxt

- Þrátt fyrir mikinn hagvöxt undanfarin ár er enn halli á rekstri hins opinbera.



Heimild: Hagstofa Íslands


- Sterkur hagvöxtur frá 2011 þótt við séum enn langt frá hæstu hæðum síðustu uppsveiflu – nýta uppsveiflu til að búa í haginn.



Heimild: Hagstofa Íslands

Fjármál hins opinbera: Afgangur byggist á því að þetta verði lengsta hagvaxtarskeið sögunnar


- Nýlega var samþykkt á Alþingi þingsályktun um fjármálastefnu hins opinbera fyrir árin 2017-2021. Í henni er gert ráð fyrir samfelldum hagvexti út tímabilið en verði það raunin mun það verða lengsta hagvaxtarskeið í nútímasögu Íslands. Að því sögðu er eðlilegt að fyrirvarar séu gerðir við áætlanir sem hvíla á jafn bjartum forsendum.



Langtímaáætlun hins opinbera gerir ráð fyrir afgangi af rekstri, en lítið má út af bregða

- Til marks um hversu lítill afgangur er fyrirhugaður og að hve miklu áætlanir um hallalausan ríkissjóð hvíla á áframhaldandi hagvexti þá sýnir myndin hér að neðan þróun afkoma hins opinbera m.v. það að hagvöxtur verði prósentustigi minni en gert er ráð fyrir í áætlunum. Ekki þarf mikið útaf að bregða til að mikill halli verði á rekstri ríkissjóðs.



Afkoma hins opinbera miðað við mismunandi forsendur um hagvöxt



Fjárlög 2017 eru sama marki brennd, útgjöld vaxa hraðar en á síðasta þensluskeiði

- Fjárlög ársins 2017 voru samþykkt fyrir síðustu áramót með litlum afgangi miðað við mikinn tekjuvöxt ríkissjóðs og þær þungu skuldir sem enn hvíla á ríkinu.


- Útgjöld hafa verið aukin markvisst á undanförunum árum og mun meira en í síðustu uppsveiflu árin fyrir hrun.




Umframkeyrsla er viðtekin venja. Útgjöld stefna hærra en í síðustu uppsveiflu.

- Útgjöld ríkisstofnana umfram fjárheimildir fjárlaga eru viðtekin venja. Raunar er það svo að þegar þingið tekur til umræðu fjárheimildir ríkisstofnanna eru þær auknar um nokkrar prósentur.
- Meðalaukning útgjalda frá framlagningu frumvarps til endanlegrar niðurstöðu ríkisreiknings var um 7% árin 2010-2015. Verði sami háttur á árið 2017 má gera ráð fyrir því að útgjöld ríkissjóðs nemi um 31% af vergri landsframleiðslu og verði töluvert meiri en áður.

Vísitala ríkisútgjalda frá fjárlagafrumvarpi til ríkisreiknings
- meðaltal árana 2010-2015




Heildarútgjöld ríkissjóðs
- % af VLF



Hið opinbera er skuldsettari nú en á síðasta þensluskeiði. Áform stjórnvalda byggja á niðurgreiðslu skulda með ráðstöfun stöðugleikaframlaga og arðgreiðslna

- Núverandi áætlun gerir ráð fyrir að skuldir haldist hærra hlutfall af landsframleiðslu en í síðustu uppsveiflu og því auðséð að meira verður að koma til. Við bætist að ekkert er í hendi með ráðstöfun fjármuna til skuldalækkunar.

Skuldir hins opinbera sem % af landsframleiðslu




Ný lög um opinber fjármál stuðla vonandi að auknum aga í fjármálastjórn hins opinbera

- Alþingi á hrós skilið fyrir ný lög um opinber fjármál. Í þeim felst viðleitni til þess að koma böndum á opinberan rekstur, hemja útgjaldaaukningu á uppgangstímum og auka þannig svigrúm ríkissjóðs til að bregðast við efnahagsföllum.
- Slíkar reglur hafa verið teknar upp í nágrannaríkjunum og vekja vonir um aukinn aga og ábyrgð í fjármálastjórn hins opinbera.

Fjármálastefna 2017–2021 - Tölusett markmið


Hlutfall af vergri landsframleiðslu	2017	2018	2019	2020	2021
	%	%	%	%	%
Hlið opinbera, A-hluti:					
Heildarafkoma	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
þ.a. ríkissjóður, A-hluta	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
þ.a. sveitarfélög, A-hluta	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Heildarskuldir	34	30	29	28	26
þ.a. ríkissjóður, A-hluta	28	24	23	22	21
þ.a. sveitarfélög, A-hluta	6	6	6	6	5
Opinberir aðilar í heild (ríki, sveitarfélög og fyrirtæki þeirra):					
Heildarafkoma	0	0,1	0,7	1,1	1,3
Heildarskuldir	59	55	53	52	49

Útgjaldavöxtur ríkisins: Umfram viðmið í þrjú ár af fjórum
- nafnvöxtur að frádrögnum vaxtagjöldum




Að lokum: Útgjöld hins opinbera eru nánast hvergi meiri en á Íslandi

Útgjöld hins opinbera árið 2014, leiðrétt fyrir ellilífeyri og atvinnuleysisbótum
- sem % af VLF



Að lokum: Mikil útgjöld takmarka svigrúm til skattalækkana

Heildarskatttekjur árið 2015, sem hlutfall af VLF
Leiðrétt fyrir greiðslum til almannatrygginga¹



¹ Árið 2014 fyrir Ástralíu, Japan og Pólland

Opinber fjármál: Umfang hins opinbera er nær hvergi meira en á Íslandi - opinber útgjöld hafa vaxið hratt og afkoman er óásættanleg miðað við þann mikla efnahagsuppgang sem verið hefur


1



Neikvæð afkoma

- Hagvöxtur er mikill á Íslandi
- Afkoma hins opinbera er neikvæð þrátt fyrir mikla tekjuaukningu
- Auka þarf afgang af opinberum rekstri og nýta góða tíma til að búa í haginn fyrir þá verri


2



Óábyrgar áætlanir

- Stjórn opinberra fjármála er óábyrg á Íslandi
- Tekju- og útgjaldaáætlanir til næstu ára treysta á að þetta verði lengsta hagvaxtarskeið Íslandssögunnar og má lítið út af bregða til að illa fari
- Gera verður varfærnari langtímaáætlanir og draga úr útgjaldavexti á góðæristímum. Ný lög um opinber fjármál eru þar skref í rétta átt


3



Skuldsett

- Opinberar skuldir eru miklar á Íslandi og þó áætlanir geri ráð fyrir ráðstöfun stöðugleikafamlaga og arðgreiðsla til skuldalækkunar munu þær áfram verða meiri en á síðasta þensluskeiði.

4



Háskattaland

- Ísland er háskattaland enda eru útgjöld hins opinbera óvíða meiri en hér
- 42 af hverjum 100 krónum sem verða til í verðmætasköpun á Íslandi er ráðstafað af opinberum aðilum



Ábyrg hagstjórn er forsenda stöðugleika

Vinumarkaður – rót vandans – er lausn í sjónmáli?

Opinber fjármál – hver ætlar að sýna ábyrgð?

3

Peningastefna í höftum - ennþá


Haftalosun í hænuskrefum þrátt fyrir að aðstæður gætu vart verið betri

Helstu breytingar á reglum um gjaldeyrismál 2017


- A** Heimilt að flytja innistæður og verðbréf til og frá landinu fyrir allt að 100 milljónir króna.
- B** Bein erlend fjárfesting er ótakmörkuð en háð staðfestingu Seðlabankans.
- C** Fjárfestingar í erlendum fjármálagerningum fyrir allt að 100 milljónir króna.
- D** Einstaklingum heimilt að kaupa eina fasteign erlendis á hverju ári.
- E** Einstaklingar þurfa ekki lengur að framvísa farseðli við kaup á erlendum gjaldeyri.

Stíga skrefið til fulls og losa um öll höft:

Samtök atvinnulífsins leggja til að lögum um gjaldeyrismál verði breytt þannig að fjárfestingar innlendra og erlendra aðila verði hvorki háð staðfestingu Seðlabankans né lúti fjárhæðatakmörkunum. Lagt er til að gjaldeyriseftirlitið verði lagt niður.




Mikill vaxtamunur við útlönd skapar vanda. Fjármagnsinnflæði vegna utanríkisviðskipta eru aðeins brot af því flæði sem á sér hér stað. Breyting á inngripastefnu Seðlabankans mun styrkja krónuna enn frekar við óbreytt ástand. Nauðsynlegt að losa um höft og minnka vaxtamun.



Mikill vaxtamunur við útlönd hefur skapað tvenns konar vanda,

- 1) **Hverfandi áhugi fjárfesta til að færa fjármagn úr landi.** Hátt vaxtastig dregur úr áhuga innlendra og erlendra fjárfesta til að færa fjármuni úr landi. Minnkandi vaxtamunur gæti ýtt undir aukið útflæði fjármagns.
- 2) **Mikill áhugi erlendra aðila að fjárfesta á íslenskum vöxtum.** Fljótlega á árinu 2015 fóru erlendir aðilar að horfa til Íslands sem fjárfestingakost vegna mikils vaxtamunar. Seðlabankinn brást við slíkum áhuga með nýjum innflæðishöftum. Minni vaxtamunur skapar skilyrði til losna undan slíkum höftum.

Uppsafnaður viðskiptajöfnuður og gjaldeyriskaup Sí frá ársbyrjun 2014(ma.kr.)




Heimild: Seðlabanki Íslands, Macrobond

Breyting á inngripastefnu Seðlabankans, hver á að mæta gjaldeyrisinnflæðinu? Frá árinu 2014 hefur Seðlabankinn keypt gjaldeyri fyrir ríflega 770 milljarða króna, aðeins brot af þeim kaupum má rekja til innflæðis vegna utanríkisviðskipta. Seðlabankinn hefur boðað að hann muni draga úr umsvifum sínum á gjaldeyrismarkaði. Til að sporna gegn frekari styrkingu krónunnar er nauðsynlegt að minnka vaxtamun og losa um höft hið fyrsta.

Seðlabankinn hefur kerfisbundið ofspáð verðbólgu, vextirnir lækka hægt

Verðstöðugleiki í tæp þrjú ár. Verðbólga hefur reynt ríflega 1% lægri en spár Seðlabankans gerðu ráð fyrir.

Samanburður á verðbólguþáttum Seðlabankans og verðbólgu í raun
(br. frá fyrra ári, %)



Mismunur á spá og rauntölum


1,3%

2,9%

2,1%

Vaxtastigið óbreytt. Þrátt fyrir eitt lengsta tímabil verðstöðugleika í nútímasögu Íslands eru vextir nánast á sama stað og í upphafi tímabilsins.

Vextir Seðlabankans
- vextir á viðskiptareikning innlánastofnana



Vaxtastigið í dag er 0,25% lægra en í upphaf árs 2014


Í Svíþjóð er verðbólga svipuð en vaxtastig á allt öðrum slóðum

Verðbólga á Íslandi er nú svipuð og verðbólga í Svíþjóð. Seðlabankar landanna beggja gera ráð fyrir verðbólgu við markmið á næstu árum. Bæði ríkin búa við sterkan hagvöxt og horfurnar eru góðar. Á sama tíma og verðbólga og hagvaxtarhorfur eru keimlíkar í löndunum er vaxtastigið allt annað. Í Svíþjóð eru virkir stýrivextir orðnir neikvæðir en á Íslandi eru þeir ríflega 5%, vaxtamunur milli landanna er því 5,5%.


Líkt og hið íslenska hefur sænska krónan verið að styrkjast. Meginrök sænska seðlabankans fyrir neikvæðum stýrivöxtum er sú áhætta að frekari styrking krónunnar gæti leitt til þess að verðbólgan haldist áfram undir markmiði..

Það er hins vegar ekki eftirsóknarvert að vera með neikvæða stýrivexti og líkt og við glíma Svíar við ýmsa erfiðleika, að þessu sinni virðist of lítið aðhald peningastefnunnar geta ýtt undir annars konar vanda eins og bóllumyndunar á húsnæðismarkaði.


Verðbólga á Íslandi og í Svíþjóð
- %, 12 mánaða breyting á neysluverðsvísitölu



Hagvöxtur og horfur á Íslandi og Svíþjóð
- %, 12 mánaða breyting á neysluverðsvísitölu




Virkir stýrivextir á Íslandi og í Svíþjóð
- %, ársvextir




Óskandi væri að Íslendingar drægju sama lærdóm af fyrri mistökum og Svíar

Svíar gengu í gegnum efnahagsþrengingar árið 1990 ekki ósvipaðar þeim sem Íslendingar hafa fengið að kynnast margsinnis og nú síðast árið 2008. Efnahagssuppsveifla með ósjálfbærri kaupmáttaraukningu og styrkingu krónu snýst snögglega upp í efnahagslægd og gengishrun. Ólíkt Íslendingum lærðu Svíar af sinni efnahagskreppu og breyttu vinnubrögðum gagnert. Böndum var komið á launahækkanir og þær látnar fylgja framleiðniaukningu í hagkerfinu. Settar voru reglur um opinber fjármál og breið samstaða myndaðist bak við ábyrgari ríkisfjármál.

Launapróun á Íslandi og í Svíþjóð
-%, árleg breyting á launakostnaði á framleidda einingu



Meðalvöxtur útgjalda hins opinbera 1992-2015¹



Þó ekki sé allt fullkomið í Svíþjóð hafa þessi breyttu vinnubrögð skilað þeim stöðugri kaupmáttaraukningu og mun lægra vaxtastigi. Raunar er það svo að verðbólga á Íslandi er nú svipuð og í Svíþjóð en vaxtamunurinn um 5%. Má líkja þessu við tvo bíla sem keyra á sama hraða, ökumaður annars með fótinn bæði á bensínjök og bremsu, meðan hinn rennur áfram í lausagangi.

Niðurstöður: Of seint gengur að koma Íslandi úr viðjum fjármagnshafta – samhliða haftalosun má lækka raunvexti og draga úr gengisstyrkingu – lærum af reynslu annarra þjóða og komum böndum á arma hagstjórnar


1



Þjóð í höftum

- Losun fjármagnshafta er hafin en á hraða snigilsins
- Aðstæður gætu ekki verið betri til að klára afnámið og ætti það að vera í forgrunni hjá nýrri ríkisstjórn


2



Háir vextir

- Seðlabankinn hefur ofspáð verðbólgu kerfisbundið undanfarin misseri
- Vextir eru á svipuðum slóðum og þeir voru fyrir upphaf núverandi tímabil lágrar verðbólgu

3



Drögum lærdóm

- Íslendingar hafa ekki dregið sama lærdóm og nágrannaþjóðir af efnahagslegum holskeflum
- Svíar tóku vinnumarkaðslíkan sitt og umgjörð opinberra fjármála í gegn í kjölfar áþekkrar kreppu og Ísland gekk í gegnum nýverið
- Aðhald í opinberum rekstri og launhækkunir í samræmi við framleiðniaukningu skila minni sveiflum, lægra vaxtastigi og meiri kaupmætti almennings til langframa

 @atvinnulifid

 @atvinnulifid